



Jónsmessunótt. DV-mynd GVA.

Umur á messunótt

ad eigast. Þau flýja út í skóg þar sem álfar og ýmsar furðuverur eru á kreiki. Af skógarævintýrinu spinnast hinar ólíklegustu flækjur og misskilningur sem ekki fæst greitt úr fyrr en um það bil sem tjaldið fellur.

Helgi Hálfðanarson þýddi leikinn, leikmynd og búninga gerir Grétar Reynisson. Tónlist er eftir Jóhann G. Jóhannsson. Söngtextar eftir Shakespeare og Karl Agúst Úlfsson. Leikstjóri er Stefán Baldursson.


alstaðir: Dir í rauðgrýti

Alls eru á sýningunni 23 myndir. Þetta er fyrsta sýning Páls á höggmyndum en áður hefur hann haldið málverkasýningar á ýmsum stöðum hér á landi.

Skúlpúrsýning á Kjarvalsstöðum

Kristjana Samper opnar á morgun sýningu á skúlpúr að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 24 verk og eru 23 þeirra unnin í leir og brennd með mismunandi tækni og eitt verkanna er stept í brons. Öll verkin á sýningunni eru unnin á sl. tveim árum og eru unnin á verkstæði því sem hún hefur á heimili sínu að Þinghólsbraut 57 í Kópavogi.

Þetta er fyrsta einkasýning Kristjónu. Hún stundaði nám í Myndlistaskólanum í Reykjavík og síðan í Myndlista- og handíðaskóla Íslands svo og University of Arisona.



Spunasmiðjan

Jasshátíð í Félagsstofnun stúdentna

Það verður mikil jasshátíð í Félagsstofnun stúdentna um þessa helgi eins og fram hefur komið í fréttum. Þar verða samankomnir margir af bestu nútímajassleikurum og munu þeir leika á föstudags- og laugardagskvöldið.

Dagskráin bæði kvöldin verður sem hér segir:

22. febrúar kl. 21.00: Einleikur — Fred van Hove (píanó). Kvartett — Peter Kowald (bassi), Irene Schweizer (píanó), Paul

Lovens (trommur) og Heinz Becker (trompet). Dúett — Peter Brötzmann (saxófónar og klarinett) og Han Bennink (trommur og slagverk).

23. febrúar kl. 21.00: Einleikur — Ulrich Gumpert (píanó).

Trió — Alexander von Schlippenbach (píanó), Evan Parker (saxófónar) og Paul Owens (trommur). Einleikur — Irene Schweizer.



Sýning í Djúpinu

Í dag opnaði Pétur Stefánsson sýningu á 14 teikningum, sem hann hefur gert á andanförnum mánuðum í Djúpinu við Hafnarstæti. Sýningin er opin frá fimmtudegi til sunnudagskvölds frá kl. 19 til 1 eftir miðnætti.

Sigfúsarkvöld á Egilsstöðum og Neskaupstað

Nú um helgina munu þau Sigfús Halldórsson, Elín Sigurvinsdóttir og Friðbjörn G. Jónsson halda tvö tónleika á Austfjörðum og flytja þar

ljúfustu lögina hans Fúsa. Þau Elín og Friðbjörn munu ýmist syngja dúetta eða einsöng hvort í sínu lagi við undirleik Sigfúsar.

Fyrri tónleikarnir verða í Valaskjálfi á Egilsstöðum, laugardaginn 23. febrúar kl. 17.00, og eru þeir á vegum tónlistarfélagins þar. Síðari tónleikarnir verða í Egilsbúð á Neskaupstað, sunnudaginn 24. febrúar kl. 21.00, á vegum menningarnefndar staðarins.

Kvikmyndir

Kvikmyndir í MÍR

Kvikmyndir verða að venju sýndar í félagsheimili MÍR, Vatnastíg 10, nk. sunnudag, 24. febrúar, kl. 16. Sýndar verða fréttar og fræðslumyndir frá Sovétríkjunum. Aðgangur ókeypis og öllum heimill.

Tilkynningar

Foreldrar og annað áhugafólk um uppeldismál

Hópur áhugafólks um dagvistunarmál stendur fyrir fundi um dagvistarmál sunnudaginn 24. febrúar kl. 15 að Hótel Borg.

Ræðumenn verða:

1. Guðrún Jónsdóttir, borgarfulltrúi.
2. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, alþingismaður.
3. Héðinn Emilsson, faðir.
4. Ingibjörg Rafnar, borgarfulltrúi.
5. Salóme Þorkelsdóttir, alþingism.

Umræður og tyrirspurnir. Þar sem stutt er í lokumræðu og afgreiðslu frumvarps á Alþingi um áttak í dagvistunarmálum barna hvetjum við foreldra og annað áhugafólk um þessi mál til að fjölmenna á fundinn.



Kvannahúsið, Hótel Vík

Laugardagskaffi og umræður kl. 13. Hundurinn, þjófurinn, fanginn. Ingibjörg Hafstað kynnir skilgreiningu norræna karla á sjálfum sér.

Kynning í Myndlistarskólanum í Reykjavík

Á laugardaginn stendur yfir kynning á verkum nemenda í teiknadeild frá kl. 14—18 í Myndlistarskólanum í Reykjavík, Tryggvagötu 15 (gengið inn frá Grófinni).

Neskirkja — starf aldrafara

verður á morgun, laugardag, kl. 15 í umsjá hverfafélags sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi. Svala Nielsen syngur einsöng við undirleik Reynis Jónssonar og Sigríður Hannesdóttir flytur gamanmál við undirleik Aage Lorange.

Fjölskyldusamvera hjá KFUM og K

Sunnudaginn 24. febrúar býður KFUM og K í Reykjavík upp á fjölskyldusamvera. Þar er eitthvað fyrir alla, unga og gamla, smáa og stóra. Við hittumst á Amtmannsstíg 2b, húsið er opið frá kl. 15. Kl. 15.30 verður fjölskyldukeppni í ratleik, kaffi og meðlæti verður á boðstólum fyrir þá sem það vilja. Kl. 16.30 hefst samverustund með söng, sögu og mörgu öðru. Sr. Valgeir Astráðsson talar út frá bibliúni.

Hraunbúar 60 ára

Á afmælisdag Hraunbúa, 22. febrúar, afmælisdegi Baden Powell, er stofnaði skátahreyfinguna, munu skátarnir fara í blýsför í Víðistaðakirkju sem er í byggingu ekki langt frá skátaheimlinu Hraunbyrgi. Sóknarpresturinn mun annast helgistund í foheldri kirkjunni, upplýstri af kertum og blysum skátanna. Síðan verður haldin kvöldvaka í Víðistaðaskóla, sem einnig er á næstu grósum, og flugeldasýning að henni lokinni. Þá hefir að skjóta upp 60 flugeldum, einum fyrir hvert ár. Á laugardaginn, 23. febrúar, verður veisluhljóði haldið áfram og haldið skátaball sem fjallarekkaflokkurinn „Trail II“ sér um.

Til forna þótti engin veisla nema hún stæði í nokkra daga og svo verður enn. Sunnudaginn 24. febrúar verða því veislulok að sinni með síðdegiskaffi-

Hvað er á seyði um helgina?



drykkju í félagsmiðstöð bæjarins. Þar verður vinum og velunnurum boðið ásamt fyrirmönnum bæjarfélagsins og nærliggjandi sveitarfélaga. En hvað er skátakaffi án skátanna? Því eru einnig eldri skátar sem yngri velkomnir og eðli málsins samkvæmt allir velunnarar félagsins.

Tapað fundið

Lyklakippa tapaðist

Tapast hefur lyklakippa á leiðinni frá Glæsibæ að Grensásstöð. Finnandi vinsamlegast beðinn að hringja í 37974 í hádeginu eða eftir kl. 18.

Hver hefur fundið gítar og trúðsbúning?

Tapast hefur frá Leiklistarskóla Íslands Gibson bassagítar, í svartri tösku merktri Alþýðuleikhúsinu og gular samfestingur (trúðsbúningur) úr búningasafni skólans. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 25020.

Sýningar

Galleri Gangur

Hallgrímur Helgason sýnir um þessar mundir í Galleri Gangi. Sýningin stendur til mánaðamóta.

Kynning á verkum Rúri

Um þessar mundir stendur yfir kynning á verkum Rúri (Puríðar Fannberg) á Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins. Þessi sýning er liður í kynningu á starfandi listamönnum á höfuðborgarsvæðinu og viðurkenning á mikilvægi þeirra við mótun daglegs umhverfis. Sýningin er opin á vinnudögum frá kl. 9—12 og 13—17 að Hamraborg 7, Kópavogi.



ÞÓNIK OG EINAR OG DANSBAND ÖNNU VILHJÁLMS. FÖSTUDAGS- OG LAUGARDAGSKVÖLD. KVÖLDVERÐUR KL. 8—10. HÚSIÐ OPIÐ TIL KL. 3.

NÁTTÚRULÆKNINGABÚÐIN

LAUGAVEGI 25, SÍMI 10262 OG 10263.